

Drög að viljayfirlýsingu milli sveitarfélaga á Vesturlandi og Þroskahjálpar um uppbyggingu skammtímadvalar fyrir fötluð börn á Vesturlandi

Dagsetning: [setjið inn dagsetningu]

1. Inngangur

Sveitarfélög á Vesturlandi; Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Snæfellsbær, Hvalfjarðarsveit og Dalabyggð, hafa átt samráð við Þroskahjálpar á Vesturlandi um brýna þörf fyrir uppbyggingu skammtímadvalar fyrir fötluð börn á Vesturlandi. Með þessari viljayfirlýsingu lýsa aðilar yfir sameiginlegum vilja sínum til að vinna saman að framgangi slíks verkefnis með það að markmiði að tryggja börnum og fjölskyldum þeirra örugga og faglega þjónustu á svæðinu.

2. Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins er að:

- Að koma á fót heildstæðri skammtímadvöl fyrir fötluð börn á Vesturlandi,
- Að tryggja að þjónustan sé veitt í samræmi við lög og reglugerðir um málefni fatlaðs fólks,
- Að stuðla að jöfnum tækifærum barna og fjölskyldna á svæðinu, óháð búsetu,
- Að efla samvinnu sveitarfélaga og hagsmunasamtaka fatlaðs fólks um uppbyggingu þjónustu.

3. Hlutverk aðila

Þroskahjálpar:

- leggur til húsnaði til starfseminnar,
- stendur straum af kostnaði vegna nauðsynlegra endurbóta á húsnaðinu til að það henti starfseminni
- vinnur í nánú samráði við sveitarfélögin um hönnun húsnaðis og aðbúnað á grundvelli útfærslu þjónustunnar.

Sveitarfélög á Vesturlandi:

- skuldbinda sig til að vinna sameiginlega að því að tryggja rekstur þjónustunnar þegar starfsemi hefst með samningi þar um
- taka þátt í verkefnastjórn og ákvörðunum um fyrirkomulag og þjónustuviðmið,
- tryggja sameiginlega fjármögnun reksturs skammtímadvalar á grundvelli fjölda þjónustuþega

4. Samstarfsform og framgangur

Aðilar skipa sameiginlegan verkefnahóp sem hefur það hlutverk að útfæra nánar:

- rekstrarform
- skipulag þjónustunnar,
- samninga og kostnaðarskiptingu,
- faglega innviði og gæðaviðmið,
- tímasetta aðgerðaáætlun um undirbúning, framkvæmdir og upphaf starfsemi.

Verkefnahópurinn skal leggja fram tillögu til staðfestingar í sveitarstjórnnum og stjórn Þroskahjálpar eigi síðar en [xx. xx 2026].

5. Gildistími og skuldbinding

Viljayfirlýsing þessi er ekki bindandi samningur, heldur lýsir sameiginlegum vilja aðila til að vinna að framangreindum markmiðum í góðri trú og með sameiginlega hagsmuni barna og fjölskyldna á Vesturlandi að leiðarljósi. Aðilar geta á grundvelli þessarar yfirlýsingar gengið til frekari samninga um framkvæmd og rekstur þjónustunnar.

6. Undirritun

Viljayfirlýsing þessi er undirrituð af fulltrúum Þroskahjálpar og sveitarfélaga á Vesturlandi, á [setjið inn stað] þann [setjið inn dagsetningu].

Fyrir hönd Þroskahjálpar:

Nafn – Staða – Dagsetning

Fyrir hönd sveitarfélaga á Vesturlandi:

Akraneskaupstaður

Borgarbyggð

Snæfellsbær

Hvalfjarðarsveit

Dalabyggð

Viljayfirlýsing – Skammtímadvöl fyrir fötluð börn á Vesturlandi

.....
Nafn – Staða – Dagsetning

Drög að viljayfirlýsingu – unnin til samráðs, ekki endanleg útgáfa